

# Fundur í stjórn Foreldrafélags Akurskóla.

Haldinn 13. október 2008

Mættir: Hafdís N. Hafsteinsdóttir, Hulda Klara Hjaltadóttir, Inga Birna Kristinsdóttir, Brynja Oddgeirsdóttir og Jóna Guðrún Jónsdóttir.

## 1. Gíróseðlar

Búið er að senda út gíróseðla til að innheimta félagsgjöld fyrir skólaárið. Gjaldið í ár er 1000 kr. eins og síðasta ár. Innheimta var mjög góð í fyrra og vonast er til að svo verði áfram.

## 2. FFGÍR

Hafdís sat fund FFGÍR. Þar var ákveðið að sameina störf verkefnisstjóra og formanns í 30% stöðu. Starfið var auglýst í Víkurfréttum í sl. viku. Erfitt hefur verið að fá fólk til að starfa fyrir FFGÍR.

## 3. FFA á heimasíðu Akurskóla

Rósa og Hrafnhildur, starfsmenn Akurskóla ætla að vera félaginu innan handar við að koma upplýsingum FFA inn á heimasíðu skólans. Enn á eftir að koma upplýsinum um bekkjafulltrúa og handbókinni inn á síðuna. Jóna Guðrún mun sjá um að það gerist fljótlega.

## 4. Fyrirlestrar

Mjög líklegt er að Sölvi Fannar einkaþjálfari með meiru muni koma og halda fyrirlestra á sal skólans um matarræði og hreyfingu fyrir nemendur skólans. Það mun skýrast í lok vikunnar.

## 5. Bekkjafulltrúar

Enn vantar fleiri bekkjafulltrúa í hóp Spóa, Þrasta og Kettlinga. Stjórnarmenn vonast til að það mál leysist þegar starfið er farið í gang og að þeir bekkjafulltrúar sem nú þegar eru komnir fái fleiri til að starfa með sér. Nauðsynlegt er að stjórn FFA fundi með bekkjafulltrúum nokkrum sinnum á vetri til að fara yfir stöðuna.

## 6. Fréttabréf

Það þarf fljótlega að fara að útbúa fréttabréf félagsins. Stefnt er á að það komi út í lok nóvember þannig að hægt sé að auglýsa jólaföndrið í því bréfi. Ákveðið að jólaföndrið verði föstud. 5.des. kl.17.00 –19.00.

## 7. Jólaföndur

Rætt var um jólaföndrið og hvað best væri að bjóða upp á. Hulda Karen mun fá sýnishorn hjá versluninni *Litir og föndur* og mæta með á næsta fund. 7.bekkur sér um kaffihúsið til að safna upp í Reykjaferð.

## 8. Símaskrá Akurskóla

Fundarmenn voru sammála um að gott væri að gefa út símaskrá Akurskóla. Hægt væri að taka bekkjamyndir til að setja í símaskrána ásamt nöfnum nemenda, heimilisföngum, símanúmerum, upplýsingum um umsjónakennara o.fl. Inga mun tala við Jónínu skólastjóra vegna myndatöku.

Fundi slitið

Fundarritari: Jóna Guðrún Jónsdóttir